

Sp.

546. Nefndarálit

um till. til þál. um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjv. hefir haft tillögu þessa til meðferðar, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu hennar, og mun minni hlutinn skila sérstöku álit.

Meiri hl. n. leggur til, að tillagan verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að láta fram fara í sumar, í samráði við fiskimálanefnd, rannsókn á fiskimiðum á ákveðnum svæðum í Grænlandshafi og annarsstaðar þar, sem líkur benda til, að árangur fái af slíkum rannsóknum, og gera þar tilraunir með veiði þorsks og annara nytjafiska.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór til þessara rannsókna og tilrauna, eftir því sem við verður komið, svo og að styrkja að nokkru, ef nauðsynlegt þykir, veiðiferðir einstakra togara til þessara miða.

Kostnaður við rannsóknir þessar og tilraunir greiðist úr fiskimálasjóði, að því leyti sem ekki þykir tiltækilegt að greiða hann úr ríkissjóði.

Alþingi, 5. maí 1936.

Bjarni Bjarnason,
form.

Sigurður Einarsson,
fundaskr.

Jónas Guðmundsson,
frsm.

Þorbergur Þorleifsson.

Bernharð Stefánsson.